

14/1 1968

ÁRSSKÝRSLA

skógarvarðarins í Eyjafirði

1. júní - 31. desember 1968

Í byrjun sumars, eða þegar ég kom til Akureyrar í júníbyrjun, var veður kalt og slydda. Þann 22. júní snjóaði niður að sjávarmáli, en tók þó upp um hádegi þann dag. 25. júní var síðasta snjó-koma "vetrarins" en þá snjóaði niður að bæjarbrekkum og var m.a. óvinnandi í gróðrarstöðinni í Kjarna. Daginn áður, 24. júní, sáðum við síðasta fræinu á snjóföllum.

Telja má að sumarið hafi byrjað 26. júní, en það var með ein-dæmum gott, svo og haustið og fyrripartur vetrar. Hefði mátt vinna að flestum útiverkum fram í desemberbyrjun.

Trjágróður dafnaði vel í ár og 20-30 sm ársvöxtur algengur, en oft meiri. Er þetta eftirtektarvert sé árferði undanfarið haft í huga. Sást vel hve lerkid á auðvelt með að rétta úr kútnum eftir áföll fyrri ára.

Fræfall á birki virtist gott, þó sérstaklega á Bæjarstaðakvæmi, en minna eða ekkert á Vaglakovæminu í Vaðlaskógi. Nokkrum frækílóum var safnað af Bæjarstaðakvæmi í Kjarnaskógi.

Reitir þeir, sem hafa verið mældir undanfarin ár, voru einnig athugaðir og mældir í ár.

Alls voru 21 starfsm. á launaskrá hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga í ár og numu launagreiðslur félagsins kr. 348.800.00. Einnig annaðist félagið allar framkvæmdir fyrir Skrf. Akureyrar og lítilsháttar fyrir Skógrækt ríkisins.

Engar nýjar girðingar voru gerðar í ár og viðhald var óvenju lítið. Þó skal tekið fram að margar af eldri girðingum félagsins þurfa endurnýjunar við og ekki hægt að halda þeim fjárheldum með venjulegu viðhaldi.

Byrjað var á grisjun lerkireitsins í Vaðlaskógi og verður því fram haldið næsta ár. Flest af hinum felldu trjám gefa af sér einn girðingarstaur en sum tvo.

Gróðrarstöð:

Engin nývirki eða umtalsverðar endurbætur voru gerðar í stöðinni. Reyndar var skurðurinn ofan stöðvarinnar dýpkaður verulega og sést næsta sumar hvaða árangur það gerir.

Sáningar:

B 700 Rauðgreni	24 m <sup>2</sup>
B 712 Sitkagreni	12
B 346 Br./blágr.	12
Blágreni Park County	4
B 588 Síberíulerki	12
B 652 Síberíulerki	48
B 689 Bergfura	24
B 716 Sveigfura	2

Birki var sáð í 120 m<sup>2</sup>, en sú sáning misheppnaðist algjörlega vegna óviðráðanlegs illgresis - en víða má leita til að finna illgresisnámu á borð við gróðrarstöðina í Kjarna.

Því miður glataðist fræseðill ársins og vantar því kvæmin við ofanritaða skrá.

Dreifsetning:

Birki	Garðsárreitur	3.680	
-	Vaðlaskógur	2.600	
-	Bæjarstaður	29.500	35.780 birki
Síberíulerki	Altai	46.200	
-	Raivola	5.200	51.400 lerki
Bergfura	Mt. Louis	1.600	
Rauðgreni	Löten	20.800	109.580 samtals
			-----

Afhending plantna:

Birki	Bæjarstaður	8.490 ✓	
-	Skillingsstad	2.300 ✓	
Rússalerki	Shenkursk	9.930 ✓	
Sitkagreni	Homer	1.365 ✓	
Br./blágreni	Sapinero	1.950 ✓	
Rauðgreni	Meldal	90	
Stafafura	Barkerw. Road	50	
Fjallapínur	Wansa Lake	<u>875</u>	25,050
	Garðplöntur	ca.	<u>1.600</u>
			26.650
			-----

Gróðursetning Skrf. Eyfirðinga og deilda þess:

Birki	Bæjarstaður	7.440	
Fjallabirki	Skillingstad	2.300	
Rússalerki	Shenkursk	7.930	
Sitkagreni	Homer	1.325	
Rauðgreni	Meldal	90	
Br./blágreni	Sapinero	1.950	
Bergfura	Pyr.	15.000	Fossv.
Stafafura	Wansa Lake	50	
Fjallapínur	Wansa Lake	875	
		<hr/>	
		36.960	
		-----	

Ymislegt:

Jörð Skógræktarfélagis Eyfirðinga, Hánefsstaðir í Svarfaðardal, voru virtir af úttektarmönnum hreppsins og verður niðurstaða úttektarinnar lögð til grundvallar byggingarbréfs til ábúanda jarðarinnar. Var gerð ítarleg lýsing á mannvirkjum öllum og skrásettir lausafjármunir er gætu síðar orkað tvímælis um eignarétt. Einnig voru landamerki jarðarinnar athuguð og kom í ljós að Hánefsstaðir eiga land vestan Svarfaðardalsár. Var það skrásett í úttektargjörðina.

Hákon Bjarnason skógræktarstjóri kom til Akureyrar 9. september og fór, ásamt skógarverði, í reitina að Leyningshólum og Grund.

Fundir hjá Skrf. Eyfirðinga voru margir og sumir eftirminni-legir að sögn. Verður á ári komanda reynt að koma fastri skipan á fundi félagsins og þó sérstaklega deilda þess. Fjórir fulltrúar frá félaginu, auk skógarvarðar, sóttu aðalfund S.Í. að Hallarmsstað.

Í þessari fyrstu ársskýrslu minni leyfi ég mér að sleppa öllum lýsingum og/eða hugleiðingum um ástand gróðrarstöðvarinnar í Kjarna og á skógræktarmálum héraðsins almennt - enda eru allir þættir skógræktarstarfsins í Eyjafirði athugun og endurskipulagningu.

Akureyri, 13. janúar 1969.

*Gunnar Finnbogason*  
Gunnar Finnbogason